

Skólanefndarfundur þriðjudaginn 22. nóvember 2016 kl. 16:15-17:45

Mættir: Brynhildur, Halldór, Herdís, Jóney, Lilja, Margrét Nína, Trausti, Valdimar, Þorkell, Þór.

Fundarstjóri: Lilja.

Fundarritari: Herdís.

1. Rekstur og fjárhagsstaða

Jóney kynnti rekstraryfirlit fyrstu 10 mánaða ársins 2016. Staðan er dökk enda er rekstrarfé skólans uppuríð og stefnir í að rekstrarhalli á árinu verið rúmlega 12 milljónir króna. Laun og húsaleiga er enn borguð úr ríkissjóði en annað ekki. Sem stendur skuldar skólinn ýmsum fyrirtækjum 1.600.000 kr., s.s. fyrir hita, rafmagni, tölvuumsjón o.fl. Þar af eru 896.063 kr. komnar á gjalddaga. Innheimtuáskoranir streyma inn en ekkert er hægt að borga. Fyrirséð er að um 3 milljónir króna vantar til þess að skólinn geti staðið við skuldbindingar sínar út árið. Ljóst er að allir rekstarliðir fyrir utan laun eru lægri en í fyrra. Laun hafa hins vegar hækkað mjög mikið en rekstrarfé skólans ekki hækkað sem því nemur. Fyrir liggur að um helmingur íslenskra framhaldsskóla glímur nú við verulegan rekstrarvanda.

Jóney greindi frá því að hún hefði kynnt rekstrarstöðu skólans á byggðaráðsfundi í október. Í kjölfarið lagði byggðaráð fram bókun þar sem gerð var krafa um tafarlausar úrbætur af hálfu yfirvalda menntamála.

Jafnframt greindi Jóney frá því að hún hefði sótt um aukafjárveitingu til fjármálaráðuneytis um miðjan október en engin svör hefðu enn borist við því erindi.

Jóney sagði frá fundi sem hún átti með fulltrúum úr menntamálaráðuneyti föstudaginn 11. nóvember sl. til að ræða stöðu skólans. Þar voru fundarmenn sammála um að ekki gengi að hafa skólann án rekstrarfjár og sérstaklega var talað um hversu lágar upphæðir vantaði til þess að skólinn gæti staðið við skuldbindingar sínar. Hins vegar væri skólinn kominn 6% fram yfir fjárheimildir sínar en ekki væri leyfilegt að fara lengra en 4% fram yfir þær. Á fundinum var rætt um að ráðuneytisfólk gerði það sem það gæti til þess að leysa úr þessum vanda en engar lausnir liggja þó fyrir ennþá.

Skólanefndarfolk ræddi um leiðir til að þrýsta á um aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að bregðast við þeim fjárhagsvanda sem blasir við FSH. Rætt var um að ýta á eftir beiðni um fund með skólastjórnendum, fulltrúum úr skólanefnd og sveitarstjórn ásamt fulltrúum úr mennta- og fjármálaráðuneyti sem fyrst en Jóney hefur lagt inn formlega beiðni í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um slíkan fund. Jafnframt samþykktu fundarmenn eftirfarandi bókun:

Fjárhagsleg staða Framhaldsskólans á Húsavík er grafalvarleg. Vegna rekstrarhalla, sem að langmestu leyti er tilkominn vegna launahækkana, hefur skólanum ekki borist rekstrarfé með reglubundnum hætti allt þetta ár. Það hefur leitt af sér talsverða skuldásöfnun og vanskil og nú er svo komið að hann á í talsverðum vanda með að reka grunnþjónustu sína.

Stjórnendum skólans hefur með útsjónarsemi og velvilja birgja tekist að reka hann á takmörkuðum framlögum þar til nú, m.a. með lækkuðum

starfshlutfalls stjórnenda og skerðingu námsframboðs. Nú hefur þolmörkum verið náð og því óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða sem gera skólanum kleift að sinna lagalegum skyldum sínum og tryggja aðgengi íbúa svæðisins að framhaldsskólanámi.

Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni og kallar eftir tafarlausum aðgerðum stjórnvalda til að tryggja rekstrargrundvöll skólans.

2. Val og tölur fyrir vorönn

Herdís kynnti niðurstöður úr vali nemenda fyrir vorönn 2017. Sem stendur á 91 nemandi val fyrir næstu önn. Þar af eru 8 óvirkir útskriftarnemar sem ekki eru skráðir í áfanga á vorönn en bíða útskriftar. Auk þeirra eru 23 nemendur skráðir til útskriftar í vor. Í augnablikinu lítur út fyrir að ársnemar verði 78. Vonir standa þó til þess að nemendum fjölgi í gegnum fjarnám og Fjarmenntaskólann.

3. Samstarf við menntastofnanir á Norðurlandi

Jóney sagði frá því að samstarf við Fjarmenntaskólann hafi gefist mjög vel og gert minni framhaldsskólum kleift að halda uppi eðlilegri námsframvindu hjá nemendum.

Rætt var um að samstarf við Framhaldsskólann á Laugum væri farið af stað. Margrét Nína sagði frá samstarfi um félagslíf, t.d. í tengslum við Tónkvísl og dillidaga. Herdís og Jóney sögðu frá fundum sem haldnir hafa verið með starfsfólki og stjórnendum FL. Þar komu fram hugmyndir um samstarf í kjarnagreinunum íslensku, ensku og stærðfræði auk þess sem rætt var um að gæta þess að sambærilegir áfangar í jarðfræði og öðrum greinum yrðu kenndir á sömu önnum í báðum skólum svo að hægt yrði að samnýta vettvangsferðir. Á næstunni munu áfangastjórar FSH og FL, Herdís og Hallur, fara yfir áfanga sem kenndir verða við skólana á næstu önn og ræða um samstarfsfleti.

Jóney greindi frá símafundum sem haldnir hafa verið með skólameisturum á Norðurlandi. Þar hefur m.a. verið rætt um sveigjanlegri skil milli skólastiga en Hvítbók menntamálaráðherra kveður á um. MA býður upp á nám fyrir 10. bekkina og VMA býður upp á valáfanga fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Ákveðið hefur verið að halda fund með fulltrúum grunnskóla á svæðinu í byrjun mars til að fara yfir nýja námskrá og mögulegar breytingar vegna samræmdra prófa í 9. bekk. Einnig hefur verið rætt um samstarf um stoðþjónustu á milli framhaldsskólanna, t.d. sálfræðiþjónustu.

Jóney greindi einnig frá fundi sem haldinn var í MA sem skólameistarar á Norðurlandi áttu með fulltrúum Símeypjar, Þekkingarnets Þingeyinga, Eyþings og rektor Háskólans á Akureyri. Á þeim fundi var farið yfir stöðu menntunar á svæðinu. Einnig var rætt um að undirbúa ársfund samstarfsnefndar framhaldsskólanna á norðaustursvæði líkt og kveðið er á um í skýrslu frá desember 2015 um framtíð framhaldsskólasamstarfs á norðaustursvæði. Ekkert fjármagn hefur fengist í samstarfið en nýlega hafa þó borist upplýsingar um að fjármagn fái til þess að borga starfsmanni til að hafa umsjón með og leiða samstarfið.

4. Staða skólameistara

Jóney sagði frá því að á fyrrgreindum fundi, sem hún átti með fulltrúum úr menntamálaráðuneyti þann 11. nóvember, hafi komið fram að auglýsa ætti stöðu skólameistara við FSH innan skamms. Það hefur þó enn ekki verið gert þrátt fyrir að Jóney hafi sent tölvupósta til að minna á þetta.

5. Önnur mál

Margrét Nína sagði frá félagslífi við skólann, s.s. leiksýningu Píramusar og Þispu o.fl.

Herdís og Jóney sögðu frá breytingum á stokkatöflu skólans sem verið er að vinna að. Hugmyndin er að gera vinnudag nemenda samfelldari, innleiða verkefnatíma og bæta þjónustu við nemendur sem glíma við andlega vanlíðan.

Herdís og Jóney greindu frá því að starfsbraut og almenn braut væru í umsagnarferli hjá Menntamálastofnun.

Jóney sagði frá því að Elín Kristjánsdóttir bókavörður væri á leið í a.m.k. 6-8 vikna veikindaleyfi frá miðri næstu viku.

Jóney og Herdís sögðu frá ánægjulegum verkefnum sem unnin hafa verið að frumkvæði kennara en Ásta Svavarsdóttir hefur hannað fjarnámsauglýsingar fyrir skólann sem til stendur að birta á Facebook og Sigurður Narfi Rúnarsson sótti um og fékk 155.000 kr. styrk frá Viðurkenningarsjóði KEA fyrir kaupum á 10 Raspberry Pi örtölvum fyrir skólann.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.